

## Tæki GM100

Jarðtæknibor Vegagerðarinnar sem notaður verður í verkið er af gerðinni GM100, 8t beltavél á gúmmibeltum og stálspyrnum. Beltin eru 40 cm breið og töluvert löng og flýtur því vélin sæmilega vel á mjúku undirlendi og sker takmarkað ofan í svörðin.

Ef smáir hryggir myndast, sérstaklega þar sem þarf að snúa eða beygja vélinni, eru þeir þjappaðir niður með því að ganga á þeim.

Við þær boranir sem áætlaðar eru vegna Norðausturvegar er ekki gert ráð fyrir að þjónustubifreið fylgi bornum en ef slíkar aðstæður koma upp er bifreiðin búinn 40" tommu dekkjum og flýtur vel ofan á grónu landi.



Mynd 1. GM100 og þjónustubifreið



*Mynd 2. GM100 við boranir*